

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 129/2018

2021/EES/13/07

frá 6. júlí 2018

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2279 frá 11. desember 2017 um breytingu á II., IV., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/129 frá 25. janúar 2018 um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/130 frá 25. janúar 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sem fóðurukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Berg and Schmidt GmbH Co. KG) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/183 frá 7. febrúar 2018 að því er varðar synjun um leyfi fyrir formaldehýði, sem tilheyrir virku hópunum rotvarnarefni og efni sem bæta hollustusamlegt ástand, sem fóðurukefni <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 48. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 767/2009):  
„– **32017 R 2279**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2279 frá 11. desember 2017 (Stjtuð. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 3).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 253. lið (framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347):  
„254. **32018 R 0129**: Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/129 frá 25. janúar 2018 um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtuð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 21).

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 25.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 6.

255. **32018 R 0130**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/130 frá 25. janúar 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sem fóðurukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Berg and Schmidt GmbH Co. KG)
256. **32018 R 0183**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/183 frá 7. febrúar 2018 að því er varðar synjun um leyfi fyrir formaldehýði, sem tilheyrir virku hópunum rotvarnarefni og efni sem bæta hollustusamlegt ástand, sem fóðurukefni (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/2279 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/129, (ESB) 2018/130 og (ESB) 2018/183, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.